

Þegar sýnishornataka á útfluttum niðursuðuvörum er á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, greiðast aðeins laun starfsmannsins og ferðakostnaður.

Starfsmenn Fiskmats ríkisins annast þessar sýnishornatökur undir eftirliti Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og með þeim tækjum, er Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

#### 4. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram sammingsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, er hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá yfir efnarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast frá 8. júlí 1969.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júlí 1972.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Gylfi Þórðarson.*

## REGLUGERÐ

### um kennslu í fávítastofnunum.

#### 1. gr.

Þeir vistmenn fávítahæla, sem eru á fávíta- eða vanvítastigi (imbecil eða debil) að greindarþroska, skulu njóta kennslu við sitt hæfi frá og með fjögurra ára aldri. Sama skal gilda um þá örvita, sem að dómi sérfræðinga virðast geta haft gagn af slíkri kennslu.

#### 2. gr.

Menntamálaráðuneytið felur sálfræðingi eða öðrum sérfróðum aðila að kanna greindarþroska vistmanna fávítahæla og skila um það greinargerð til ráðuneytisins. Skal sú könnun gerð árlega, að því er tekur til nýrra vistmanna. Að öðru leyti skal könnunin endurtekin svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti fram til þess, að vistmaður nær 20 ára aldri.

#### 3. gr.

Að því er tekur til kennslu fávíta og vanvíta (greindarvísitala 25--74 u. þ. b), 4urra--19 ára að aldri, skal miða skipulag kennslunnar við það, að hver kennari kunnir að jafnaði 8 nemendum samtímis. Fjöldi vikulegra kennslustunda á hvern nemanda skal nema að jafnaði 20 stundum. Kennslustundafjöldinn er breytilegur eftir aldri, þroska, skapgerð og heilsu vistmanna, og skal hann í öllum venjulegum tilvikum eigi vera lægri en 12 og eigi hærri en 24 vikustundir.

Þegar talað er um kennslustund eða stund í reglugerð þessari, er átt við, að lengd þeirra nemi 40 mínútum.

Kennsluskylda kennara á fávítastofnunum skal vera hin sama og kennara vangefina samkvæmt kjarasamningum eða dómi kjaradóms, þ. e.  $\frac{4}{5}$  af kennsluskyldu almennra barnakennara. Samkvæmt þessu og ákvæðum 1. mgr. kemur að jafnaði einn kennari á hverja 12 vistmenn, sem þessi gr. tekur til.

**4. gr.**

Að því er varðar fávita eða vanvita 20 ára og eldri, skal miða ráðningu kennslukrafta við það, að einn kennari eða iðjuþjálfari komi á hverja 20 vistmenn. Þó má með leyfi menntamálaráðuneytisins hnika til frá þessu ákvæði um fjölda kennara til hækkunar að því er dagvistarstofnanir varðar.

**5. gr.**

Að því er tekur til örvita (greindarvísitala 0—24 u. þ. b.), skal við það miðað, að einn kennari eða iðjuþjálfari komi á hverja 36 vistmenn 4urra ára og eldri.

**6. gr.**

Ef fávitastofnun hentar slíkt betur, er heimilt, að ráðnir séu stundakennarar í stað fastráðinna kennara.

**7. gr.**

Við stofnanir, sem samkvæmt þessari reglugerð eiga rétt á tveimur eða fleiri kennarastöðum, getur menntamálaráðuneytið falið ákveðnum kennara yfirkennarastarf. Skal yfirkennari sjá um skipulagningu kennslunnar og ráðningu stundakennara innan þess ramma, sem tilgreindur er í reglugerðinni, og er þá heimilt að greiða honum sérstaka þóknun fyrir þau störf.

**8. gr.**

Menntamálaráðuneytið felur forstöðumanni aðalfávítahælis ríkisins í Kópavogi eða öðrum sérfróðum aðila umsjónar- og leiðbeiningarstarf, sem ástæða þykir til að fram fari varðandi kennslu á fávitastofnunum. Leiðbeinir hann, innan ramma reglugerðarinnar, um kennsluskipan, námsefni og kennsluaðferðir, eftir því sem þörf er talin á. Fyrir þessi störf skal greitt samkvæmt mati menntamálaráðuneytisins.

**9. gr.**

Menntamálaráðuneytið setur og skipar kennara eða iðjuþjálfara að fávitastofnunum. Þeir einir geta fengið skipun í kennarastöðu eða stöðu iðjuþjálfara við fyrrgreindar stofnanir, sem hafa til þess tilskilda sérmenntun að mati menntamálaráðuneytisins. Leita skal umsagnar umsjónarmanns, sbr. 8. gr., og stjórnar viðkomandi stofnunar, áður en skipað er í stöðu.

**10. gr.**

Stjórn hverrar fávitastofnunar skal senda menntamálaráðuneytinu áætlun um kennsluþörf fyrir næsta skólaár eigi síðar en 15. apríl ár hvert, sbr. 2.—5. gr. þessarar reglugerðar.

**11. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 7. laga nr. 53/1967, um fávitastofnanir, og gilda ákvæði hennar frá upphafi skólaársins 1971/72.

*Í menntamálaráðuneytinu, 13. júlí 1972.*

Magnús T. Ólafsson.

*Birgir Thorlacius.*